

- 125 b. Brjóti nokkur móti samþykkt þessari nema líf liggi við, varðar það sektum frá
15. nóv. 10 kr. til 100 kr. eptir málavöxtum. Helmingur sektar tilfalli fátækra sjóði viðkomandi hrepps, hinn helmingur gæzlunefndinni og uppljóðarmanni.

5. grein.

Samþykkt um fiskiveiðar á opnum skipum frá 16. ágúst 1879 skal felld úr gildi.

Samþykkt þessi er hjermeð staðfest af undirskriftuðum amtmanni til að öðlast gildi 1. dag janúarmánaðar 1885, og er samþykkt fyrir Ísafjarðarsýslu og Ísafjarðar-kaupstað um fiskiveiðar á opnum skipum, staðfest af amtmanninum yfir vesturamntinu 16. dag ágústmán. 1879, frá sama tíma úr gildi numin.

Þetta kunngjörst öllum hlutaðeigendum til eptirbreytni.

Íslands vesturamt, Reykjavík 15. dag nóvembermán. 1884.

Magnús Stephensen
settur.

- 126 Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir suðuramntinu um linun í landsskuld
15. nóv. eptir þjóðjörð. — Samkvæmt tillögu yðar, herra amtmaður, í þóknanlegu brjefi 14. f. m., fellst jeg hjermeð á, að leiguliðanum á þjóðjörðunni Leiðvelli í Kirkjubæjar- og Þykkvabæjarklausturs umboði verði um fardagaárin 18⁸⁴/85 og 18⁸⁵/86 veitt 10 álna linun á ári í landsskuldinni eptir tjeða ábýlisjörð hans, fyrir sakir skemmda þeirra, er hún hefur orðið fyrir undanfarin ár á engjum, beitolandi og skógi.

Þetta tilkynni jeg yður hjermeð til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar.

- 127 Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir suðuramntinu um linun í landsskuld
15. nóv. eptir þjóðjörð. — Samkvæmt meðmælum yðar, herra amtmaður, í þóknanlegu brjefi, dags. 26. júlí þ. á., samþykki jeg hjermeð, að ábúandanum á þjóðjörðinni Belgsholti, Guðm. S. Thorgrimsen, verði, sakir skemmda, er tún jarðar þessarar hefur orðið fyrir af landbroti, um 5 ár, talin frá síðastliðnum fardögum, veitt 20 álna linun á ári í landsskuld tjeðrar ábýlisjarðar hans, þannig að landsskuldin nefnt 5 ára tímabil verður aðeins 100 álnir.

Þetta tilkynnist yður hjermeð til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar.

STYRKUR ÚR LANDSSJÓÐI.

Samkvæmt fjárlögum fyrir árin 1884 og 1885.

10. gr. C. 4.

Samþykktar tillögur sýslunefndarinnar í Vestur-Skaptafellssýslu um að verja 320 kr. styrk til eflingar búnaði fyrir 1884 (sbr. Stj.tið. 1884, B 30) þannig, að framfarafjelag Dyrhólahrepps fái 110 kr. en 210 kr. verði varið til verðlauna fyrir framúrskarandi dugnað í búnaði og fyrir jarðabætur (Sigríður Sveinsdóttir í Hlíð fái 65 kr.; Sæmundur Jónsson á Borgarfelli, Jón Magnússon á Dalshöfða og Jón Jónsson á Seglbúðum 40 kr. hver og Helgi Bergsson á Fossi 25 kr.

13. gr. B V a.

Kvennaskólanum á Ytríey veittur 1000 kr. styrkur fyrir árið 1884.